



Fundargerð

335. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps
Fimmtudaginn 8. mars 2012, kl. 15.30.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Andrea Björnsdóttir oddviti, Eiríkur Kristjánsson varaoddviti, Gústaf Jökull Ólafsson, Sveinn Ragnarsson og Eggert Ólafsson í forföllum Ástu Sjafnar Kristjánsdóttur. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 5 blaðsíður.

Oddviti setti fundinn, bauð fólk velkomið og leitaði afbrigða að taka fjögur mál á dagskrá undir liðnum önnur mál, var það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 334. fundur hreppsnefndar 9. febrúar 2012.

Farið yfir fundargerð.

Liður 13 – mál 1202018. Samantekt vegna 25 ára afmælis Reykhólahrepps.

Hlynur Þór Magnússoni hefur tekið að sér verkefnið.

Fundargerð samþykkt samhljóða..

2. Skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 5. mars 2012.

Farið yfir fundargerð

Liður 1, mál 1106002- Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, þar sem óskað er eftir heimild Skipulagsstofnunar til að auglýsa skipulagið skv. skipulagslögum 123/2010.

Samþykkur samhljóða.

Liður 2, mál 1102005 – Deiliskipulag Tröllenda. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillöguna á ný, samþykkt samhljóða.

Liður 3, mál 1202021 – Kötluland 139665, stofnun lóðar Kötluland/fjárhús 220-776.

Samþykkt samhljóða.

Liður 4, mál 1202023 – Álftaland 173216, breyting lóðar. Samþykkt samhljóða.

Liður 7, mál 1203010 – Gjafabréf vegna lóðar undir Vogalandi, samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

3. Mennta- og menningarmálanefnd 7. mars 2012.

Farið yfir fundargerð.

Liður 2, Sameining grunnskóla og leikskóla Reykhólahrepps. Farið yfir tillögu nefndarinnar um sameiningu skólanna. Tillagan var samþykkt samhljóða í mennta- og menningarmálanefnd. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða. Sveitarstjóra falið að fara yfir með núverandi stjórnendum hvernig staðið verði að starfslokum í viðkomandi starfi. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra ásamt mennta- og menningarmálanefnd að



auglýsa eftir nýjum stjórnanda og vinna það ferli hratt og örugglega þannig að hefðbundið skólastarf raskist sem minnst.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

4. 10. fundur Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps 5. mars 2012.

Farið yfir fundargerð og tillögu nefndarinnar vegna sérfræðipjónustu á starfssvæði Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps. Tillagan samþykkt samhljóða, fundargerðin samþykkt í heild sinni.

Mál til afgreiðslu:

1. 12002002 – Þriggja ára áætlun.

Síðari umræða.

Frumvarp lagt fram til síðari umræðu. Sveitarstjórn samþykkir frumvarpið samhljóða.

2. 1203010 – Gjafabréf vegna lóðar undir félagsheimilinu Vogalandi.

Erindi frá eiganda Króksfjarðarness dagsett 23. febrúar 2012. Tilboð um niðurfellingu á gjafabréfi og kaup á félagsheimilinu Vogalandi. Erindi áður sent skipulags- og bygginganefnd til umsagnar.

Sveitarstjóra falið að gera gagntilboð.

3. 1203021 – Breyting á reglugerð nr. 1040/2005, um framkvæmd raforkulaga.

Sveitarstjóri tilkynnti að þær breytingar sem samþykktar voru í iðnaðarráðuneytinu 1. mars s.l. munu ekki hafa áhrif á þéttbýlið Reykhóla og byggð í nágrenni, skv. svari við fyrirspurn til Orkubús Vestfjarða. Þar af leiðir að byggðarkjarninn mun áfram greiða dreifbýlisgjald fyrir raforku.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps undrast þær reglugerðarbreytingar sem gerðar hafa verið á framkvæmd raforkulaga nr. 65/2003, þar sem ekki er tekið á þeim vanda sem skapaðist við setningu laganna.

Sveitarstjórn krefst þess að lögum verði breytt, þannig að kostnaður við flutning og dreifingu á raforku verði jafnaður að fullu fyrir alla notendur almenningsveitna. Sameina þarf aðflutnings og dreifikerfi landsins í eina heild, með eina gjaldaskrá fyrir alla landsmenn.

Sveitarstjórn lítur þannig á að raforka og aðgangur fólks að henni sé grunnþjónusta sem eigi að vera á sama verði fyrir alla landsmenn, óháð búsetu. Það er alveg ljóst að markmið raforkulaganna var ekki að hækka raforkuverð á landsbyggðinni. Það hefur engu að síður gerst og þarf að leiðrétta strax.

4. 1203022 - Grettislaug, opnunartími og fl.

Lögð fram tillaga að opnunartíma sundlaugar og aldursviðmið, tillagan samþykkt og vísað til umsýðarmanns sundlaugar til umsagnar.



5. 1203001 - XXVI. landsþing Samband íslenskra sveitarfélaga 23. mars 2012.

Eiríkur Kristjánsson er kjörinn fulltrúi Reykhólahrepps á landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga og mun sækja þingið fyrir hönd sveitarfélagsins ásamt sveitarstjóra.

6. 1203002 – Framboð í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

Erindi frá Lánasjóði Sveitarfélaga dagsett 27. febrúar 2012.

Erindi lagt fram.

7. 1203003 – Tillaga um barnalög, 290. mál til umsagnar.

Erindi frá velferðarnefnd Alþingis dagsett 15. febrúar 2012.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn, samþykkt samhljóða.

8. 1203004– Tillaga um þingsályktun um faglega úttekt á réttargeðdeildinni að Sogi í Ölfusi, 319. mál til umsagnar.

Erindi frá velferðarnefnd Alþingis dagsett 15. febrúar 2012.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn, samþykkt samhljóða.

9. 1203005 – Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014, 343. máll til umsagnar.

Erindi frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett 8. febrúar 2012.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn, samþykkt samhljóða.

10. 1203006 – Frumvarp til laga um málefni innflytjenda, 555. mál til umsagnar.

Erindi frá velferðarnefndar Alþingis dagsett 29. febrúar 2012.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn, samþykkt samhljóða.

11. 1203007– Frumvarp til laga um húsaleigubætur, 112. mál til umsagnar.

Erindi frá velferðarnefnd Alþingis dagsett 29. febrúar 2012.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn, samþykkt samhljóða.

12. 1203023 – Frumvarp til breytinga á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Ósk um athugasemdum við frumvarpsdrögin frá Umhverfissráðuneytinu dagsett 2. mars 2012.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn, samþykkt samhljóða.

13. 1203008 – Auglýst bann við lausagöngu búfjár í Reykhólahreppi.

Sveitarstjórn áréttar samþykkt sem birtist í Lögbirtingablaðinu 10. október 1997, þar sem bann er lagt við lausagöngu búfjár þ.m.t. hrossa og nautgripa í þeim hluta Reykhólahrepps sem er fyrrum Múlahreppur, og hins vegar bann við lausagöngu nautgripa og hrossa í öðrum hlutum hreppsins. Samþykkt samhljóða.



14. 1203009 – Sjálfbærliðar SEEDS árið 2012.

Erindi frá verkefnastjóra SEEDS dagsett 9. febrúar 2012.

Erindinu vísað til ferðamálafulltrúa. Samþykkt samhljóða.

15. 1203010 – Krakkaskak.is, styrkumsókn.

Erindi frá Framkvæmdastjóra krakkaskak.is mótekið í maí 2012.

Sveitastjórn veitir ekki styrk að þessu sinni. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

16. 1203011 – Ályktun stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, varðandi þingsályktun um samgönguáætlun 2011 – 2022.

Frá fundi stjórnar Fjórðungssamband Vestfirðinga 20. febrúar 2012.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps tekur heilshugar undir ályktun Fjórðungssambands Vestfirðinga.

17. 1203012 – Uppgjör framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2011.

Erindi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga dagsett 10. febrúar 2012.

Kynnt.

18. 1203024 – Nefnd um eflingu sveitarstjórnarstigsins, vinnuskjal og tillögur.

Skýrsla nefndar send til kynningar frá Innanríkisráðuneyti 2. mars 2012.

Kynnt.

19. 1203014 – Mótun landsskipulagsstefnu, fundargerð 1. fundar samráðsvettvangs 3. febrúar 2012.

Kynnt.

20. 1203016 – Styrkbeiðni til framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Svar við styrkumsókn Reykhólahrepps vegna stígagerðar við Reykhóla dagsett 2. febrúar 2012.

Kynnt, ekki fékkst styrkur vegna verkefnisins.

21. Breytilegir útlánavextir lánasjóðs sveitarfélaga 1. febrúar 2012.

Erindi frá Lánasjóði sveitarfélaga dagsett 6. febrúar 2012.

Kynnt.

22. Frumvarp til laga um stjórn á fiskveiðum.

Erindi frá þingmönnum Hreyfingarinnar dagsett 7. febrúar 2012.

Kynnt.



23. 794. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 24. febrúar 2012.

Fundargerð lögð fram.

24. Fundur í heilbrigðisnefnd Vestfjarða 3. febrúar 2012, ásamt ársreikningi 2011.

Fundargerð lögð fram ásamt ársreikningi.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19.15

_____	_____
_____	_____
_____	_____